

Athugasemdir við úrskurð Fiskistofu.

(feitletrun og undirstrikun er á ábyrgð höfundar þessara athugasemda)

Um kröfur kæranda segir Fiskistofa :

"Kröfur kæranda eru aðallega að Fiskistofa úrskurði fundi veiðideildar Tungufljóts sem haldnir voru dagana 26. maí og 30. júní 2009 ólögsmæta og felli úr gildi allar ákvarðanir sem þar voru teknar, s.s. samþykkt samþykktar veiðideildarinnar."

"Til vara er þess krafist að Fiskistofa felli úr gildi samþykktir veiðideildarinnar við Tungufljót."

Undir liðnum Niðurstaða vitnar Fiskistofa í 3. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 1024/2006

"... að skylt sé að boða fundi í veiðifélagi með ábyrgðabréfi, með minnst 10 daga fyrirvara, **ef breyta skal samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundum.**"

Síðan segir Fiskistofa :

"Að mati Fiskistofu var boðað til framangreindra funda í veiðideild Tungufljóts 26. maí s.l. og 30. júní s.l. 2009 með lögsmætum fyrirvara."

"Aðalkröfu kæranda er því hafnað."

Undir fundarboðið, dagsett 14. maí 2009 fyrir fund um stofnun veiðideildar (Tungufljótsdeildar) í Veiðifélagi Árnesinga, ritar Drífa Kristjánsdóttir, fyrir hönd **undirbúningsnefndarinnar.**

Hér er strax ljóst að ekki er verið að boða fund í Veiðifélagi Árnesinga, þannig að tilvitnun í 3. mgr. 10. gr. reglugerðar 1024/2006 um fund í veiðifélagi á ekki við, auk þess sem þar er vísað í: "... ef breyta skal samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundum."

Hvorki stendur til að breyta samþykktum Veiðifélags Árnesinga eða ráðstafa veiði á þessum fundi, samkvæmt dagskrá í fundarboðinu.

Þar að auki eru aðeins boðaðir til fundarins hluti af veiðiréttarhöfum í Veiðifélagi Árnesinga, þ.e. frá fossinum Faxa að ármótum Hvítár í Biskupstungum.

Í 10. gr. reglugerðar 1024/2006 um boðun funda segir :

"**Stjórn veiðifélags** skal boða skriflega til aðalfundar til **allra** veiðiréttarhafa með dagskrá með a.m.k. 10 daga fyrirvara.

Aukafundi skal boða skriflega með dagskrá, til **allra** veiðiréttarhafa,..."

Niðurstaða og forsendur Fiskistofu varðandi aðalkröfu kæranda er því út í hött.

Síðan segir í úrskurði Fiskistofu :

Líta verður svo á að með hliðsjón af 4. mgr. 39. gr. laga 61/2001 (á að vera 2006), um lax- og silungsveiði, að veiðifélag eitt geti stofnað deildir innan sinna vébanda. Á aðalfundi Veiðifélags Árnesinga sem haldinn var 21. apríl s.l. var svofelld tillaga samþykkt.

"Aðalfundur Veiðifélags Árnesinga haldinn í Þingborg 21. apríl 2009 samþykkir stofnun veiðideildar við Tungufljót neðan fossins Faxa. Í samræmi við samþykktir Veiðifélags Árnesinga nr. 991 frá 10. apríl 2008 lög nr. 61/2009 (á að vera 2006) um lax- og silungsveiði og lög nr. 58/2006 um fiskrækt, mun Veiðifélag Árnesinga eftir sem áður annast fiskrækt á svæði deildarinnar og ákvarðar aðalfundur Veiðifélags Árnesinga veiðifyrirkomulag ár hvert".

"Með samþykkt framangreindrar tillögu var veiðideildin formlega stofnuð."

"Samkvæmt framangreindu verður að víkja til hliðar þeim efnisatriðum greinds fundar er vikur að stofnun veiðideildarinnar, þar sem hún hafði þá þegar átt sér stað með formlegum hætti af þar til bærum aðila þ.e. Veiðifélagi Árnesinga."

Niðurstaða Fiskistofu er afdráttarlaus með að það sé Veiðifélags Árnesinga að ganga frá skipan veiðifélagsins í deildir, en ekki einhverra funda hluta veiðiréttarhafa.

4. mgr. 39. gr. laga nr. 61/2006 sem Fiskistofa vísar til hér að ofan er eini staðurinn þar sem orðið deild kemur fyrir í lögnum og hljóðar svo:

"Í samþykktum má ákveða að félag skuli starfa í deildum, enda taki hver deild yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns. Hver deild ráðstafar þá veiði í sínu umdæmi með þeim skilyrðum sem aðalfundur setur."

4. gr. reglugerðar nr. 1024/2006 er eina greinin þar sem orðið deild kemur fyrir og hefst svo:

"Stjórn félagsins og deilda ef þær eru starfandi skipa þrír, fimm eða sjö menn, formaður og meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Kjörgengir eru allir sem aðild eiga að veiðifélagi."

Í fylgiskjali með reglugerð nr. 1024/2006 er uppkast að **Samþykkt veiðifélags**

Í 3. gr. samþykktanna er greinileg vísbending innan hornklofa um hvernig tilgreina skuli starfandi deildir innan veiðifélags.

"[Félagið starfar í eftirfarandi deildum, sem allar ráðstafa veiði á sínu félagssvæði með þeim skilyrðum sem samþykkt eru á félagsfundi: ...]"

Samkvæmt þessu skal fella lýsingu á öllum starfandi deildum inn í samþykktir veiðifélagsins. Þetta þýðir, með tilliti til 9. gr. samþykktar Veiðifélags Árnesinga, að þessi breyting á samþykkt vegna stofnunar deilda þurfi samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna í Veiðifélagi Árnesinga.

Í 13. gr. samþykktta Veiðifélags Árneseinga segir :

"Heimilt er að félagið starfi í deildum ef aðalfundur Veiðifélags Árneseinga samþykkir og þess sé getið í fundarboði að **stofna** eigi deild."

"Stjórn deilda skal skipuð þrem mönnum sem kosnir eru á aðalfundi í viðkomandi deild til þriggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár. **Að öðru leyti gildir samþykkt Veiðifélags Árneseinga einnig fyrir deildir.**"

Af þessu má ráða að deildir skuli **stofna** á félagsfundi í veiðifélaginu þar sem allir veiðiréttarhafar eru boðaðir, en ekki bara þeir sem eiga veiðirétt á tilteknu svæði. Á sama hátt taki allir atkvæðisbærir félagsmenn þátt í **stofnun** deilda innan vébanda veiðifélagsins.

Einnig virðist ljóst samkvæmt ofangreindri 13. grein að samþykktir Veiðifélags Árneseinga gildi að öllu leyti fyrir deildir, þótt sérákvæði gildi um skipan stjórna deilda.

Hvergi er talað um í lögnum eða reglugerðinni að **einstakar deildir** séu **stofnaðar** innan veiðifélags.

Velta má því fyrir sér hvort ekki beri að skilja löginn og reglugerðina þannig að annað hvort starfi veiðifélagið **án** deilda eða það sé **allt** deildarskipt.

Ef unnt er að t.d. að stofna eina eða tvær deildir fyrir tiltekin veiðisvæði en önnur svæði á vatnasviði veiðifélagsins standi utan deilda, hvernig fer þá með atkvæðisréttinn?

Getur t.d ein jörð átt veiðirétt í tveimur ám sem tilheyra sitt hvorri deildinni, og kosið í stjórn þeirra beggja auk þess að kjósa í stjórn veiðifélagsins á aðalfundi þess?

Þannig væri atkvæðisréttur þeirrar jarðar orðinn mun meiri en annarra.

Það er því illskiljanlegt að niðurstaða Fiskistofu skuli ekki hafa verið sú, að þessir tveir fundir 26. maí og 30. júní séu með öllu ómarktækir og hafi engan lögformlegan tilgang.

Auk þess virðast sérstakar samþykktir fyrir einstakar deildir algerlega ónauðsynlegar og ómarktækar.

Ég hef hvergi fundið merki um í lögum eða reglugerðum að einstakar deildir veiðifélaga skuli hafa sérstakar samþykktir sem birta eigi í B-deild stjórnartíðinda og átta mig ekki á hvaðan sú hugmynd hefur komið.

Í ljósi ofnariðs hefði Fiskistofa auk þess átt að úrskurða að Tungufljótsdeild hefði ekki enn verið stofnuð með lögsmætum hætti þar sem hún er ekki skilgreind í samþykktum Veiðifélags Árneseinga.

Þessu til viðbótar má nefna að ekki er að sjá í fundargerð aðalfundar veiðifélagsins þann 21. apríl 2009 að kosið hafi verið í stjórn deildarinnar.

Búið að stofna deild, en engin stjórn !

Svo byrjar nú ruglið fyrir alvöru :

Eins og áður kom fram segir Fiskistofa :

"Samkvæmt framangreindu verður að víkja til hliðar þeim efnisatriðum greinds fundar er vikur að stofnun veiðideildarinnar, þar sem hún hafði þá þegar átt sér stað með formlegum hætti af þar til bærum aðila þ.e. Veiðifélagi Árneseinga."

og :

"Eina lögmæta verkefni fundarins 26. maí var því að mati Fiskistofu að setja deildinni samþykktir."

"Að öllu framangreindu virtu hafnar Fiskistofa einnig varakröfu kæranda."

Eins og áður kom ljóslega fram, gilda samþykktir Veiðifélags Árneseinga um deildir, samanber 13. gr. þeirra, og Fiskistofa vísar meira að segja til þessarar greinar.

Þannig að það er óskiljanlegt að Fiskistofa skuli telja það lögmætan tilgang fundar sem boðað er til af undirbúningsnefnd, tæpum , mánuði eftir lögformlega stofnun deildarinnar, að hennar mati, að setja deildinni samþykktir.

Fiskistofa virðist einnig líta fram hjá því að deildin hafi enga stjórnarmenn og telur með vísan til "Eina lögmæta verkefni .." heldur ekki, að það sé tilgangur þessa fundar að kjósa stjórn.

Ekki er að sjá, að forstöðumaður lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu, Árni Ísaksson, sem samkvæmt fundargerð er viðstaddur þennan kostulega fund, sjái nokkuð athugavert við hann, þar sem lögð er fram tillaga um að stofnuð verði veiðideild, sem samkvæmt úrskurði Fiskistofu var búið að stofna mánuði áður á lögmætan hátt.

Svo er farið í stjórnarkjör fyrir deildina á þessum fundi undirbúningsnefndarinnar.

Það er útilokað að álykta að stjórn kjörin á þennan hátt geti tekið nokkrar ákvarðanir fyrir deildina, jafnvel þótt deildin hefði verið stofnuð á réttan hátt með breytingu á samþykktum Veiðifélags Árneseinga.

Að lokum kemur þetta gullkorn frá Fiskistofu :

"Í bréfi Veiðifélags Árnesinga dags. 29. september s.l. er varpað fram ýmsum álitamálum og spurningum til Fiskistofu, en þar sem telja verður að Veiðifélag Árnesinga **sé ekki aðili máls þessa, er ekki ástæða til að taka afstöðu til þeirra atriða sem þar eru sett fram.**"

Samt kemur fram að Fiskistofa taldi rétt að veita Veiðifélagi Árnesinga rétt til að tjá sig um málið, en sér enga ástæðu til að taka afstöðu til svarbréfs veiðifélagsins.

Einnig er rétt að hafa í huga það sem áður kom fram í úrskurði Fiskistofu :

"Líta verður svo á að með hliðsjón af 4. mgr. 39. gr. laga 61/2001 (á að vera 2006), um lax- og silungsveiði, **að veiðifélag eitt geti stofnað deildir innan sinna vébanda.**"

Samt á veiðifélagið ekki að vera aðili þessa máls.

Reykjavík, 8. febrúar 2011,

Gunnar.